

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Sauðárkrókskaupstað
nr. 55 25. febrúar 1976.****1. gr.****5. gr. orðist svo:**

A-gjöld samkvæmt 4. gr. breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er reiknuð af Hagstofu Íslands.

2. gr.**12. gr. orðist svo:**

B-gjöld samkvæmt 4. gr. skal miða við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða. Þegar veitt er byggingarleyfi við götu sem lögð er bundnu slitlagi, skal miða B-gjald við þá vísitölu sem í gildi er þegar byggingaleyfi er veitt.

3. gr.**14. gr. orðist svo:**

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkvæmt 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags. Af álögðu gjaldi skal hver greiða 20% á framkvæmdarárinu. Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki. Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Þau skulu vera á sömu kjörum og lán þau er Byggðasjóður veitir til varanlegrar gatnagerðar og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það. Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við. Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á gjöldum álögðum samkvæmt 13. grein.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.